

Akureyri, 10. nóvember 2023
2311024 KBR

Efni: Ábending til sveitarfélaga um mikilvægi kynja- og jafnréttissjónarmiða við stefnumótun og ákvarðanatöku í breytingum á fyrirkomulagi leikskóla

Nú þegar all nokkur sveitarfélög eru með í bígerð að breyta útfærslum á dvalartíma barna í leikskólum og gjaldskráum þeim tengdum vill Jafnréttisstofa vekja athygli sveitarfélaga á eftirfarandi:

Ákvarðanir sveitarfélaga skulu byggja á þeim skyldum sem fram koma í 13. gr. laga nr. 151/2020 um stjórnslu jafnréttismála. Þar segir að sveitarfélög skuli setja sér áætlanir um jafnréttismál „þar sem m.a. komi fram hvernig unnið skuli að kynja- og jafnréttissjónarmiðum á öllum sviðum. Áætlun skal taka til markmiða og aðgerða til að stuðla að jafnrétti og jafnri meðferð við ráðstöfum fjármagns, í þjónustu sveitarfélagsins og starfmannamálum...“

Kynja- og jafnréttissjónarmið skv. 7. tölulið 2. gr. laga nr. 150/2020 fela í sér að „stefnumótunarferli er skipulagt, bætt, þróað og lagt á það mat þannig að sjónarhorn jafnréttis kynja sé á öllum sviðum fléttað inn í stefnumótun og ákvarðanir þeirra sem alla jafna taka þátt í stefnumótun í samfélaginu.“

Til þess að unnt sé að flétta kynja- og jafnréttissjónarmið í stefnumótun og þar með ákvarðanatöku þarf að afla nauðsynlegra gagna sem varpað geta ljósi á áhrif sem verða á ólíka hópa, í þessu tilviki, foreldra leikskólabarna.

Sú þjónusta sem sveitarfélögin veita með rekstri leikskóla er afar mikilvæg og jafnframt viðkvæm fyrir öllum breytingum. Sveitarfélögin þurfa því sérstaklega að horfa til þess hvaða áhrif breytt ráðstöfun fjármagns getur haft og hvort hún geti t.d. falið í sér óbeina mismunun eða ýtt undir hefðbundin kynjahlutverk með tilheyrandi afleiðingum.

Til þess að sveitarfélögin geti byggt ákvarðanir sínar á vel ígrunduðum og undirbyggðum forsendum bendir Jafnréttisstofa á að gagnlegt er að gera greiningar út frá eftirfarandi spurningum:

- Hefur farið fram mat á áhrifum á ólíka hópa foreldra, út frá t.d. kynjasjónarmiði, þjóðerni, hvort um er að ræða einstæða foreldra eða foreldra í sambúð?
- Hefur verið lagt mat á það hvaða hópar eru líklegastir til að nýta eingöngu 6 tíma leikskóladvöl?
- Hefur verið lagt mat á það hvaða hópar eru líklegastir til að kaupa viðbótartíma?

- Hefur verið lagt mat á það hvort vinnutímastytting á við hjá öllum foreldrum leikskólabarna?
- Hefur verið lagt mat á það hvort líkur eru á því að mæður fremur en feður minnki við sig starfshlutfall til að þurfa ekki að greiða fyrir viðbótartíma?
- Hefur verið lagt mat á það hvaða áhrif ákvörðunin hefur á stöðu foreldra á vinnumarkaði?

Fjöldmargar rannsóknir hafa dregið fram ólíka stöðu kynjanna í samfélaginu. Nýlega sýndi [Þjóðarpúls Gallup fram á ójafna og kynjaða verkaskiptingu á heimilum](#), m.a. við umönnun barna. Í skýrslu [Aðgerðahóps stjórnvalda og samtaka aðila vinnumarkaðarins til þess að vinna að launajafnrétti kynjanna](#) er fjallað um áhrif þeirrar ábyrgðar sem konur bera á umönnun barna. Þar kemur fram að mæður séu líklegri en feður til að hverfa frá launaðri vinnu og sinna umönnunarstörfum meðan börn eru ung. Þá er einnig bent á að í ljósi launamunar kynjanna séu meiri líkur á að mæður séu heima með börnum. Vegna þeirrar ábyrgðar sem konur taka á fjölskyldunni vinna þær í mun meira mæli en karlar í hlutastörfum en það hefur áhrif á tekjur þeirra alla ævi þar sem lægri atvinnuþátttaka skilar einnig lægri lífeyrisgreiðslum.

Fjöldmargt hefur verið ritað á undanförunum mánuðum í tengslum við hugmyndir sveitarfélaganna um breytingar á fyrirkomulagi leikskóla sem gagnlegt getur verið að kynna sér:

4.8.2023. [Jafnréttisstofa. Er ákvarðanataka í leikskólamállum tekin út frá kynja- og jafnréttissjónarmiðum?](#)

14.8.2023. [BSRB, Leikskólaklúður Kópavogsbæjar](#)

22.8.2023. [VR, Kjaraskerðing fjölskyldufólks og afturför í jafnréttisbaráttunni – ályktun stjórnar VR vegna breytinga í leikskólamállum í Kópavogi](#)

25.8.2023. [Just Consulting, Hugleiðing vikunnar: Hinn hæfilegi leikskóli](#)

Virðingarfyllst,



Katrín Björg Ríkarðsdóttir

framkvæmdastjóri